

Vikufréttir

Vika 49 (03.12. – 07.12. 2018)

Mánudagur

- ✓ Seinasti dagur lotu 2 í list- og verkgreinum í 9.- 10. bekk
- ✓ Ragnheiður Eyjólfsdóttir les upp úr nýrri bók sinni, Rotturnar
 - 8. bekkur kl. 8:15
 - 9. bekkur kl. 8:45
 - 10. bekkur kl. 9:30

Þriðjudagur

- ✓ Hjálmur með námskeið fyrir kennara kl. 14:30

Miðvikudagur

- ✓ Fokk Me- Fokk You. Fyrirlestur fyrir 8. -10. bekk á vegum Forvarnarhóps Borgarbyggðar. Viðfangsefni fræðslunnar eru samskipti kynjanna, áhrif samfélagsmiðla og sjálfsmýndin. Óðali kl. 10:30
- ✓ Jólaföndur Foreldrafélags grunnskólans. Grunnskólanum kl. 17 – 18:30

Fimmtudagur

- ✓ **Fræðsla fyrir foreldra.** Fokk Me- Fokk You. Sjálfsmýnd –samfélagsmiðlar – samskipti kynjanna. (<https://www.facebook.com/fokkyoufokkme/>) Fyrirlestur fyrir foreldra á vegum Forvarnarhóps Borgarbyggðar. **Mælst er til þess að foreldrar barna í unglingsáæild mæti**, mjög mikilvægt þar sem börnin eru að fá fræðsluna daginn áður og mikilvægt að samtalið geti átt sér stað á milli barna og foreldra. Annars opið öllum foreldrum. Óðali kl. 18:30 og í Varmaland kl.20:00.
- ✓ Jólabball Varmalandi, kl. 19:30. Rúta fer frá Óðali kl. 19:00

Föstudagur

Annað: Verkefnið **Fokk Me-Fokk You.** Kári Sigurðsson og Andrea Marel hafa síðastliðinn fjögur ár haldið úti fræðslunni “Fokk Me - Fokk You” sem snýr að unglingsárunum. Fjallað er um sjálfsmýnd, samfélagsmiðla og samskipti kynjanna. Rætt verður um það sem brennur á unglingsum í dag. Þau aðlaga fræðsluna að þeim málum sem koma upp hverju sinni en segja rauða þráðinn vera samskipti á samfélagsmiðlum. <http://www.visir.is/g/2018180928884>

Fræðslan er ætluð unglingsum og ungmönnum, foreldrum þeirra og aðstandendum og starfsfólki sem starfar með unglingsum. Foreldrar eru hvattir til að mæta á foreldrafræðsluna.

Samfés, samtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi völdu fræðsluna Fokk Me-Fokk You sem **besta verkefnið** í opnum flokki á vettvangi frítímans á aðalfundi Samfés 2017

Jólafondur foreldrafélagsins ¶

Jólafondur foreldrafélagsins í Grunnskólanum í Borgarnesi verður haldið þann 5. desember nk. (næsta miðvikudag) kl. 17-18:30 í skólanum. ¶

Hægt verður að finna eitthvað við allra hæfi, t.d. ¶

- Músastigar og keðjur ¶
- Mála jólakúlur ¶
- Föndra jólasvein og snjókarl ¶
- Jólakort ¶
- Könglar og tréverk ¶

7. bekkur mun sjá um veitingasölu ¶

Aðgangur ókeypis en minnum á frjálsframlög í baukana góðu ¶



Hlökkum til að sjá sem flesta, tjótum samverustundar með börnunum ¶

Jólaball

Jólaball GBF verður haldið fimmtudaginn, 6. desember nk, að Varmalandi. Nemendum í 8. - 10. bekk Grunnskólans í Borgarnesi er boðið að koma á ballið. Það hefst kl. 19:30 og lýkur kl. 22:00. Lagt verður af stað frá Borgarnesi kl. 19:00 og er áætluð heimkoma ekki seinna en um kl. 11:00. Rútan tekur nemendur upp við Óðal en við heimkomu fer hún skólabílshringinn. Rútuferðin er nemendum að kostnaðarlausu en þeir þurfa að borga 1.500 kr. inná ballið.

Almennar skólareglur Grunnskólans í Borgarnesi gilda í ferðinni og brjótí nemandi reglur verða foreldrar eða forráðamenn að ná í viðkomandi.

Til að ferðin verði að veruleika þarf leyfi foreldra. Ef barnið ykkar ætlar á ballið þarf að skila inn leyfisbréfi í seinasta lagi miðvikudaginn 5. desember.

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.
Ábm.: Kristín M. Valgarðsdóttir